

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 1026/2010 um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

1. gr.

11. gr. breytist og orðast svo:

11. gr.

Grunnfjárhæð.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að 174.952 kr. á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning um húsnæðið.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 262.482 kr. (174.952 : 2 = 87.476. 174.952 + 87.476).

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er 147.406 kr.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er 87.476 kr. (174.952 : 2). Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint, forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur 147.406 kr. á mánuði.

Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði sé mætt með greiðslu vaxtabóta og húsaleigubóta en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárbörf.

Unglingar yngri en 18 ára eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

2. gr.

A-liður 16. gr. breytist og orðast svo:

16. gr.

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfærri.

A. Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum.

Um er að ræða börn sem eiga lögheimili hjá viðkomandi foreldri.

Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamálitiðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 14.042 kr. á mánuði. Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið er að umsækjandi nýti sér fyrst rétt sinn samkvæmt frístundakorti og þjónustutryggingu leikskóla.

Jafnframt er heimilt að veita sérstaka aðstoð vegna skólabyrjunar þann 15. ágúst og sérstaka aðstoð vegna jólahalds þann 1. desember á ári hverju. Um er að ræða 14.042 kr. fyrir hvert barn í hvort skipti. Heimildin nær til þeirra foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í ágúst og desember ár hvert.

Leitast ber við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.

Nr. 1306

18. desember 2014

3. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru í borgarráði 18. desember 2014, að fengnum tillögum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, eru byggðar á 21. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, taka gildi 1. janúar 2015.

Borgarstjórin í Reykjavík, 18. desember 2014.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfud.: 2. febrúar 2015